

**Nd.**

**488. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á útfluttri sild.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Þar sem fjórir nefndarmanna leggja það til, að frv. um einkasölu á sild sje felt, og þar sem í þeim nefndarmeirihluta eru menn úr »báðum aðalflokkum þingsins«, þá þykist jeg vita, að frv. muni eigi ná fram að ganga á þessu þingi.

Engar athugasemdir hafa komið fram við orðalag frv., og geri jeg því engar tillögur þar að lútandi, þótt jeg hinsvegar telji mjer skylt að taka fúslega bendingum um betra orðalag, ef fram koma.

Það eru ekki jafnaðarmenn einir, sem halda því fram, að hagkvæmt

sje, að ríkið hafi einkasölu á sild. Menn í öllum flokkum styðja þetta mál. Þó eru margir, sem svo líta á, að heppilegt mundi einnig, að ríkið tæki í sínar hendur sölu á sildarafurðum (sildarmjöli og sildarolíu). Hefir um þetta talsvert verið ritað í blöðin á seinni tímum, og visast til þess hjer.

Verslunin á útfluttri sild mundi eigi vera nein áhætta fyrir ríkissjóð. Og fyrir hina smærri útgerðarmenn eru kostir einkasölufyrirkomulagsins auðsæir. Þeir mundu njóta markaðsverðsins, í stað þess, að nú verða þeir flestir að selja veiðina fyrirfram fyrir allralægsta verð, þannig, að þeir fái rjett fyrir kostnaði, ef vel aflast. Verði aftur lítill afli, stórtapa þeir vegna þessarar fyrirframsölu, þótt þeir annars gætu hagnast vel, ef þeir nytu markaðsverðsins. Nægir í þessu efni að visa til síðustu sildarvertiðar.

Með einkasölunni væri þessi stopuli atvinnuvegur gerður mun tryggari fyrir allan þorra útgerðarmanna og sjómanna. Aftur fellur burtu gróðavon hinna fáu, mestmegnis útlendu, útflytjenda sildar. Er ekki vandi fyrir Alþingi að velja þarna á milli.

Jeg legg því eindregið til, að frv. um einkasölu á sild verði samþykkt.

Alþingi, 8. maí 1925.

Jón Baldvinsson.